

Garðabær:

## Kært og kosið á ný

**VERKALÝÐSMÁL** Félagsmenn í Starfsmannafélagi Garðabæjar munu þurfa að kjósa aftur um nýgerðan kjarasamning við Launaneftnd sveitarfélaga sem var felldur með eins atkvæða meirihluta. Sú atkvæðagreiðsla hefur verið kærð vegna þess að félagsskrá var ekki borin saman við þá sem kusu að afloknum félagsfundum. Þetta er í annað sinn sem endurtaka þarf atkvæðagreiðslu vegna formgalla í félagi opinberra starfsmanna. Áður hafði hið sama gerst hjá Starfsmannafélagi Akraness fyrir skömmu. ■

Veðurklúbburinn á Dalbæ um Eurovision:

## Ísland í 10. eða 11. sæti

**EUROVISION** Ísland lendir sennileg í tíunda eða ellefta sæti. Það fer að vísu allt eftir veðri. Ef það verður skýjað og dimmt yfir hér á Íslandi, lendum við í sautjanda sæti. Ef það verður hinsvegar sunnan átt, léttskýjað og sól, náum við sjöunda sæti," segir Júlíus Garðar Júlíusson, formaður Veðurklúbbsins á Dalbæ, Dalvík, um horfurnar í söngvakeppni sjónvarpsstöðva.

Klúbburinn er þekktur fyrir veðurspár sínar. Þeir ákváðu að bregða útaf vananum að beiðni Fréttablaðsins og spá fyrir um úrslitin í söngvakeppni Evrópu sem fram fer í

Parken Kaupmannahöfn á morgun. Þetta var einungis til gamans gert þar sem slík spá fellur ekki undir þeirra sérsvið. Júlíus segir að spáin sé byggð á tilfinningu sem og veðurfari. Klúbbfélagar voru sammála um að því betra sem veðrið yrði ætti að skapast betri andi hér heima sem á eftir að skila sér í hlýjum straumum til íslensku keppendanna í Two Tricky.

Veðurklúbburinn hefur verið starfræktur í rúm fimm ár. Í dag eru tólf virkir meðlimir en nýjir meðlimir bætast jafnt og þétt í hópinn.

Júlíus vildi ekki gefa upp veður-

spá næstu daga en samkvæmt veðurspá klúbbsins fyrir maí ætti mánuðurinn að vera frekar kyrr og finnst félögum jafnvel að veðrið sé búið að vera óeðlilega kyrrt í allan vetur, miðað við venjulegt árferði. Þeir búast þó við fól í kringum 23. maí þótt menn hafi ekki verið á eitt sáttir um það.

Samkvæmt spá Veðurstofu Íslands verður hæg breytileg átt og skýjað með köflum. Hiti á bilinu 7 til 15 stig og hlýjast inn til landsins. Það verður því úr vöndu að ráða ef marka má Eurovisionspá Veðurklúbbsins í Dalbæ, Dalvík. ■



**ÞEKKTIR SPÁMENN**

Júlíus Júlíusson formaður Veðurklúbbsins á Dalbæ, Dalvík. Samkvæmt spá klúbbsins ætti maí mánuður að vera frekar kyrr þó hann búist við fól seinni partinn.

### SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Uppnám í tónlistarheiminum:

## Stjórnandi utan í fússi

Aðalstjórnandi Sinfóníunnar er hlaupinn undan starfssamningi sínum við hljómsveitina í kjölfar þess að honum var tilkynnt að starfssamningur hans yrði ekki endurnýjaður að ári.

**TÓNLIST.** Aðalstjórnandi Sinfóníu- hljómsveitar Íslands, Rico Saccani, hefur yfirgefið Sinfóníu- hljómsveit Íslands, ári áður en starfssamningur hans segir til um. Saccani var tilkynnt í lok febrúar að tveggja ára samningur hans yrði ekki endurnýjaður þegar hann rennur út að ári en sú ákvörðun var tekin í kjölfar skoðanakönnunar meðal hljóðfærleikaranna þar sem þeir voru innir eftir viðhorfi sínu til áframhaldandi samstarfs við Saccani.

Aðalstjórnandanum var gerð grein fyrir þessu þegar æfingar voru að hefjast fyrir Ravel tónleika sem hann síðan stýrði 1. mars en rauk að því loknu úr húsi og hefur ekki sést síðan.

Þorkell Helgason, formaður stjórnar Sinfóníunnar, sagði að unnið hefði verið að því að skýra málið á síðustu dögum en vildi að

öðru leyti ekkert láta hafa eftir sér um málefni aðalstjórnandans. Þróstur Ólafsson, framkvæmdastjóri hljómsveitarinnar, sagðist heldur ekkert vilja segja um málið og neitaði eins og Þorkell að staðfesta að Saccani hefði yfirgefið sinfóníuna.

Skoðanakannanir meðal hljóðfærleikara Sinfóníunnar eru hefðbundin tæki sem stjórnin hefur til að meta störf stjórnendanna, og samskonar könnun um störf Saccanis var framkvæmd áður en nýr tveggja ára samningur var gerður við hann í fyrra. Niðurstöður kannanna eru trúnaðarmál og aðeins á vitneskju stjórnarmanna en einn ónefndur hljómsveitarmedlima sagði líklegt að meirihluti hljóðfærleikaranna hefðu hafnað Saccani í atkvæðagreiðslunni á dögum. Hann hefði síðan tekið ákvörðun stjórnar hljómsveitarinnar persónulega en ekki faglega eins og efni stæðu og því lát-ið sig hverfa í fússi.

Hljóðfærleikarinn fréttu ekki af brothvarfi Saccanis fyrr en um miðjan mars en þá var þeim tilkynnt að hann yrði ekki við stjórnvöllinn á tvennum Carmen tónleikum í lok mánaðarinnar. Ástæðan sem gefin var upp fyrir fjarveru Saccanis mun hafa




sú að hann væri veikur en hann hefur átt við veikindi í raddböndum að stríða um skeið.

Samstarf Saccanis og Sinfóníu- hljómsveitarinnar nær aftur til ársins 1992 en þá stýrði hann hljómsveitinni fyrst sem gestastjórnandi. Hann kom hingað reglulega eftir það og var loks ráðinn aðalstjórnandi til tveggja ára árið 1998. Í viðtali á heimasíðu Sinfóníunnar sagðist

Saccani vilja vera eins lengi á Íslandi og menn óska eftir honum. "Það er yndislegt að stjórna tónlist með fólki sem þekkir mig vel og manni líður vel með. Á milli okkar hefur myndast einstakt samband sem ég vona að fá tækifæri til þess að þróast áfram," sagði stjórnandinn.

Saccani mun strax hafa verið afar vel liðinn af meðlimum Sinfóníunnar en hljóðfærleikarinn, sem áður er



**EKTA EÐA FALSÐ?**

Pappírinn sem skýrslan er prentuð á bendir til þess að hún sé ekta.

Skýrsla Gagaríns:

## Seld á 16 milljónir

**MOSKVA, AP.** Skýrsla rússneska geimfarans Júrí Gagarín sem seld var á uppboði fyrir 171.000 dollara, andvirði um 16 milljóna ísl. kr. virðist hafa verið stolið úr rússnesku skjalasafni. Skjalið, sem er prentað og undirritað af Júrí Gagarín, var selt Bandaríkjamanni á uppboði á hlutum er tengjast geimferðasögunni. Í skýrslunni er m.a. að finna lýsingu Gagaríns, sem var fyrsti geimfarinn, á geimferðinni sem varði í 108 mínútur.

Ýmislegt er á huldu í sambandi við skýrsluna að sögn Vladimirs Kozlovs, þjóðskjalavörðs Rússlands. Hann segir sérfræðinga á hans vegum hafa skoðað hana áður en hún var boðin upp í New York en ekki orðið miklu nær. Hann telur að skýrslunni hafi verið stolið vegna þess að lögum samkvæmt eigi slíkar heimildir að vera í ríkisskjalasöfnum.

Ekkja Gagaríns, Valentína, efast um að skýrslan sé ekta. Kozlov heldur því hins vegar fram að svo sé. Talið er að nokkur eintök hafi verið gerð af skýrslunni og sumir halda því fram að þetta eintak sé eintak sem Krútsjef, þáverandi leiðtogi Sovétríkjanna, hafi á sínum tíma gefið Fidel Castro, leiðtoga Kúbu. ■

### Sumarbúðirnar Ævintýraland, Reykjum í Hrutafirði

Ennþá eru örfá pláss laus

27/6-4/7	7-11 ára
4/7-11/7	7-12 ára
18/7-25/7	10-12 ára
25/7-1/8	10-12 ára
1/8-8/8	13-15 ára
8/8-15/8	13-15 ára

SUNDLAUG  
SKARTGRIPAGERÐ  
TRAMPÓLÍN  
BÁTAR  
FÖNDUR  
SMÍÐAR  
KASSABÍLAR  
FLUGDREKAGERÐ  
TILRAUNIR

Námskeið í kvikmyndagerð,  
leiklist, myndlist, grímugerð,  
tónlist og íþróttum.



## Hetjan heiðruð

Jón Gestur kom í veg fyrir stórbruna á Hótel Sögu með snarræði sínu.

**HETJUDÁÐ** Jón Gestur Ófeigsson, 26 ára gamall næturvörður á Hótel Sögu, var í gær heiðraður fyrir hetjulega framgöngu sína þegar bruni kom upp í Súlnasal Hótel Sögu á föfundagnum 2. maí. Það var Hótel Saga og VÍS sem veittu Jóni viðurkenninguna í hófi sem haldin var honum til heiðurs. Auk Jóns hlutu nokkrir samstarfsmenn hans viðurkenningu en þeir voru með Jóni á næturvakt þessa umrædda nótt. „Ég vil fyrst og fremst þakka samstarfsmönnum mínum sem voru með mér á vakt og má segja að þetta hafi verið alþjóðlegt samstarf en tveir þeirra eru útlendingar," sagði Jón Gestur í stuttu spjalli við Fréttablaðið.

Aðspurður um fyrstu viðbrögðin

eftir að gestamóttakan hafði tilkynnt honum um brunann sagðist Jón Gestur strax hafa farið á vettvang. „Það lagði á móti mér mikinn reyk og gaf ég þá strax fyrirmæli um að hringja í slökkviliðið. Síðan flýtti ég mér að sækja tvö slökkvitæki sem ég vissi af í gestamóttökunni og tæmdi þau á eldinn. Að því loknu sótti ég önnur tvö sem voru í eldhúsinu og tæmdi þau einnig." Jóni barst síðan liðsáki þjóns úr Skrudí og í sameiningu dældu þeir úr fimmta og sjötta slökkvitækinu sem réði niðurlögum eldsins.

Jón fékk að launum fyrir hetjudáð sína gjafabréf frá Samvinnuferðum Landsýn og gistingu á Radison SAS hóteli að eigin vali. „Ég hef hugsað mér að verða mér úti um bækling

sem sýnir hvar gististaðir Radison eru niðurkomnir og taka síðan ákvörðun um hvert leið liggur," sagði Jón að endingu en þess má geta að hann hefur verið starfsmaður Hótel Sögu síðan hann var 13 ára gamall.

Að sögn Péturs Más Jónssonar, framkvæmdastjóra atvinnutrygginga VÍS, er fyrirhugað að gefa út bækling sem fjallar um hvað gera skuli ef eldsvöld kemur upp á hóteli. Sagði hann viðbrögð Jóns Gestis sanna það að hægt sé að koma í veg fyrir stórbruna með því líku snarræði.

Um upptök eldsins er það að segja að þau eru enn ókunn en talið er að um skveikju hafi verið að ræða.

kolbrun@frettabladis.is